



STÖÐUSKÝRSLA

23. ágúst, 2014 Bárðarbunga



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

- Meginatriði:**
- Stöðug jarðskjálftavirkni
 - Samhæfing aðgerða
 - Hættustig áfram í gildi norðan Vatnajökuls

Samhæfingarstöðin Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið að störfum síðan ákveðið var að loka hálendinu vegna jarðskjálftahrinnar í Bárðarbunga þann 19. ágúst 2014. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna kringum Bárðarbunga.

Skjálftavirkni: Virkni sem hófst aðfararnótt laugardags 16. ágúst hefur haldið áfram óslitið og ekki eru merki um að henni sé að ljúka. Um 25 km langur berggangur hefur myndast undir Dyngjujökli. Gangurinn hefur lítið lengst en kvikuflæði er eftir ganginum og merki eru um að hann sé að greinast í norð-austur endanum.

Skjálftavirknin við Bárðarbunga og undir Dyngjujökli er ennþá mikil en þó nokkuð minni en síðustu nótt. Um kl. 06:30 í morgun höfðu mælst um 250 jarðskjálftar frá miðnætti en á svipuðum tíma í gærmorgun voru þeir tæplega 400.

Flestir skjálftanna eiga upptök við kvikuinnskotið undir Dyngjujökli á um 10 km kafla. Þeir eru flestir á um 8-12 km dýpi. Skjálftavirknin þar hefur ekki færst lengra til norðurs eða norðausturs.

Nokkur skjálftavirkni er einnig við Bárðarbunguöskjuna og þar mældust 2 lágtíðniskjálftar yfir 3 að stærð.

Báðir skjálftarnir áttu upptök við norðurbrún Bárðabunguöskjunnar og var sá fyrri kl. 03:22 og var 3,3 að stærð og sá seinni kl. 05:33, 3,6 að stærð. Sá fyrri var sniðgengisskjálfti en sá seinni samgengisskjálfti. Þeir voru á um 4-8 km dýpi og orsakast líklega af aðlögun öskjunnar vegna þrýstingsbreytinga undir henni þegar kvika streymir frá henni inn í innskotið.

Frá upphafi virkninnar hafa mælst færslur á yfirborði sem eru yfir 14 cm á Dyngjuhálsi, um 15-20 km frá bergganginum. Færslurnar eru mældar með GPS mælum (aflögunarmælingar). Til samanburðar má benda á að Ísland gliðnar að meðaltali um tæpa 2 cm árlega.

Ný GPS stöð í Kverkfjöllum og skjálftamælir senda upplýsingar í rauntíma á vefinn. Færanlegar ratsjár eru staðsettar við Syðri Hágöngu og Hótel Laka, sem eru á styttri bylgjulengd en fastar ratsjár og nema ösku og annað í andrúmsloftinu betur en á minna svæði. Föstu ratsjárnar eru á Egilsstöðum og við Keflavíkurflugvöll.

Samtúlkun GPS og jarðskjálftamælinga er lykilþáttur á greiningu á virkninni og samvinna vísindamanna Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofunar Háskóla Íslands og samstarfaðila í FutureVolc rannsóknarverkefninu.

Ferðir eftirlits- og vísindamanna:

Vatnamælingamenn hafa komið fyrir þremur nýjum leiðnimælum í ám í kringum Bárðabungu, í Skjálfandafljóti, Köldukvísl og Jökulsá á fjöllum. Einnig var mælt í Sveðju með handmæli, en sterk brennisteinslykt var af ánni.

Fundir og samstarf:

Samhæfing aðgerða heldur áfram í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Í gær var haldinn fundur með vísindamönnum þar sem farið var yfir nýjustu upplýsingar sem vísindamenn hafa safnað úr tækjum og ástandið metið. Einnig var fundur um flóðamál þar sem farið var yfir landupplýsingagögn og drög lögð að korti yfir áhrifasvæði hugsanlegs flóðs. Þá var fundað með fulltrúum fjarskiptafyrirtækja og rætt um varaafli og áhrif á ljósleiðaratengingar og önnur fjarskiptamannvirki. Annar fundur var haldinn um áhrif flóða á vegakerfi og orkumannvirki og farið yfir viðbrögð viðkomandi aðila.

Fundað var með viðbragðs- og hagsmunaaðilum á Egilsstöðum í gær. Fulltrúar almannavarna, lögreglu og vísindamanna voru á fundinum og ræddu stöðuna á áhrifasvæði hugsanlegs flóðs og aðgerðir síðustu daga. Þar voru einnig fulltrúar frá sveitarfélögum, bændum, heilbrigðiskerfinu og fleirum.

Lokaða svæðið:

Björgunarsveitir og lögregla vakta lokaða svæðið.

Eftirfarandi hálendisvegir eru lokaðir í samráði við Almannavarnir: F- 910 Austurleið (Dyngjufjallaleið), F903 Hvannalindavegur, F902 Kverkfjallaleið, F905 Arnardalsleið og F88 Öskjuleið. Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf> (ATH gæti þurft að afrita slóðana og líma inn í vafra) og hjá Landmælingum http://atlas.lmi.is/bardarbunga/halendid_lokun1.jpg

Upplýsingar:

Lágmarks mönnun verður í Samhæfingarstöðinni um helgina en þar verða veittar upplýsingar og fyrirsögnum svarað. Fjölmiðlateymi er hægt að kalla út ef þurfa þykir. Netfangið hjá fjölmiðlateyminu er info@sst.is og símar 570 2643/44.

www.safetravel.is upplýsingasíða Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla:

Næsta stöðuskýrsla verður send út með tilliti til þróunar mála í Bárðabungu.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is